

Skipulag:

Fundarboðandi: Jón Kolbeinn Jónsson
Fundarstjóri: Þóra J. Jónasdóttir
Fundarritari: Þóra J. Jónasdóttir

Fundarstaður: Teams
Dagsetning: 29. maí 2026
Fundartími: 13.00-14.00

Fjarverandi: Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnunar)

Pátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Rake! Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), Egill Þorri Steingrímsson (sviðsstjóri samhæfingar hjá Matvælastofnun) og Jón Kolbeinn Jónsson og Hulda Soffía Jónasdóttir (sérgreinadýralæknar/sérfræðingur fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun).

Dagskrá:

Umsókn frá Arnarlax um að meðhöndla allar 19 kvíar á eldissvæðið að Laugardal í Tálknafirði með Salmosan

Umræða:

Dýralæknir Arnarlax kynnti umsókn. Búið er að meðhöndla tvær kvíar með Salmosan í brunnbát sbr. fyrri umsókn. Meðhöndlunin orsakaði óæskilega há afföll. Því þykir sýnt að eldisfiskurinn þolir ekki á núverandi tímavarki ferskvatnsmeðhöndlun eða mekaníska meðhöndlun til aflúsunar. Sótt er nú um lyfjaböðun í tjaldúk í þeim kvíum þar sem fiskur er ekki talinn þola meðferð í brunnbát en í öðrum kvíum er sótt um lyfjameðhöndlun í brunnbát til að takmarka lyfjanotkun. Sótt er um að lyfjameðhöndla allar kvíar svo hægt sé að aflúsa svæðið hratt. Lyfjanæmnisprófun sýnir að næmni fyrir lyfjameðhöndlun er skert, en talið er að lengri meðhöndlunartími geti gefið betri árangur en næmnispróf segi til um.

Fisksjúkdómanefnd telur mikilvægt að bregðast við vaxandi lúsatölum á þessum árstíma. Nefndi vill þó ítreka mikilvægi þess að rekstraraðilar hafi ávalt fullreynt önnur þekkt úrræði til aflúsunar áður en til lyfjameðhöndlunar kemur.

Niðurstaða:

Í ljósi stöðunnar veitir Fisksjúkdómanefnd jákvæða umsögn um að lyfjameðhöndlun með Salmosan í allar kvíar samkvæmt umsókn. Fisksjúkdómanefnd hvetur hins vegar Matvælastofnun til að fylgja því nánar eftir að rekstraraðilar hafi sannanlega gripið til ráðstafana til að lágmarka notkun lyfja við aflúsun eldisfiska.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið kl 14.15